

Um úrskurð ÚUA í máli nr. 23/2020

Í greinargerð Dalabyggðar í málinu er svohljóðandi kafli:

*„Samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sæta stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru á grundvelli laganna kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í meðferð máls fyrir úrskurðarnefndinni felst að nefndin leggur mat á lögmæti kærðar ákvörðunar og getur nefndin þá eftir atvikum fellt hina kærðu ákvörðun úr gildi. Að öðrum kosti stendur hin kærða ákvörðun óröskuð.*

*Sú stjórnvaldsákvörðun sem hér um ræðir er ákvörðun sveitarstjórnar um að veita megi framkvæmdaleyfi sem um hefur verið sótt. Ef talið væri að skilyrði sveitarstjórnar um umsögn Minjastofnunar Íslands væri ólögmætt þá ætti það að leiða til ógildingar samþykktar sveitarstjórnar um framkvæmdaleyfið, enda getur skilyrðið eitt og sér ekki talist sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun. Kröfugerð kæranda er ósamrýmanleg þessum sjónarmiðum og verður af þeim sökum að vísa kærinni frá.“*

Ég held að það sem þarna segir hafi verið rétt og að því hafi nefndinni ekki verið heimilt að úrskurða aðeins um fyrirvarana en taka ekki afstöðu til þess hvað áhrif niðurstaða nefndarinnar um fyrirvarana kynni að hafa á lögmæti ákvörðunar sveitarstjórnar um veitingu framkvæmdaleyfisins sjálfs. Það að fella niður skilyrðið um samþykki eigenda aðliggjandi jarða leiðir þannig til þess að grenndarkynning þarf að fara fram og því gat samþykkt leyfisins ekki staðið óhöggðu. Þegar af þeirri ástæðu hefði átt að fella samþykktina um framkvæmdaleyfið úr gildi.

Kærendur túlka úrskurð ÚUA á einfaldan hátt þegar þeir segja í bréfi sínu 27. 10.

Úrskurðurinn er því skýr um að fyrirvarar Dalabyggðar eru nú ekki lengur til staðar, þar sem annar er felldur úr gildi en hinn telst vera uppfylltur. Í ljósi þessarar niðurstöðu förum við því fram á að Dalabyggð gefi nú út umrædd framkvæmdaleyfi svo fljótt sem verða má.

Þarna er byggð á því að umsagnar MÍ hafi þega verið leitað og að skilyrði um samþykki nágranna sé fellt út gildi. UM afleiðingar þess að fella niður skilyrði um samþykki nágranna hefur þegar verið fjallað. Varðandi það að umsagna hafi þegar verið leitað verður að líta til þess sem segir framar í úrskurðinum að líta verði á öflun umsagnar MÍ sem lið í rannsókn máls og til þess fallin að gætt væri ákvæða laga um menningarminjar, sjá:

Ekki mun hafa farið fram fornleifaskráning á svæðinu við gerð aðalskipulags Dalabyggðar og ekki er fyrir hendi deiliskipulag á umræddum svæðum. Að teknu tilliti til orðalags 6. mgr. 13. gr. skipulagslaga er því ljóst að sveitarstjórn bar við meðferð umsóknanna að gæta fyrrnefndra ákvæða laga um menningarminjar. Verður í ljósi þess hlutverks og beirrar stöðu sem Minjastofnun er falið í lögum um menningarminjar að telja að öflun umsagna frá stofnuninni í því skyni að fá upplýst um afstöðu hennar til fyrirbyggjandi umsókna hafi verið liður í rannsókn máls og til þess fallin að tryggja að gætt væri áðurgreindra ákvæða. Var því umdeilt skilyrði um öflun umsagnar Minjastofnunar, sem sett var fyrir hinum kærðu ákvörðunum, lögum samkvæmt. Hefur slíkra umsagna þegar verið aflað að tilstuðlan sveitarfélagsins.

Það kom líka fram í erindi skipulagsfulltrúa að sveitarfélagið væri með umsagnarbeiðnininni að tryggja vernd fornminja og að skilyrði yrðu sett þar að lítandi í framkvæmdaleyfir, sjá

Eins og rakið hefur verið óskaði skipulagsfulltrúi hinn 6. apríl 2020 umsagnar Minjastofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda kæranda að Hóli í Hvammssveit eftir að kæra barst í máli þessu. Í beiðninni var tekið fram að þess væri vænst að umsögnin yrði í samræmi við eftirfarandi viðmið, þ.e. að miðast við að leiðbeina sveitarfélagi og skógarbónda, þannig að tryggja mætti vernd fornminja, sem kynnu að vera á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Jafnframt var frá því greint að sveitarfélagið myndi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, tilgreina skilyrði í framkvæmdaleyfinu þess efnis að ekkert jarðrask eða trjáplöntun yrði leyfð innan 15 m frá minjastöðum sem nú væru bektir eða sem kynnu að finnast á skógræktarsvæðinu.

Síðast en ekki síst þá liggur alveg ljóst fyrir að óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar skv. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar og að fornleifa- húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands sbr. 6. mgr. 15. gr. laganna. Þar af leiðir að sveitarstjórn væri ekki heimilt að veita leyfi án þess að fyrir lægi staðfesting MÍ á fornleifa- húsa- og mannvirkjaskráningu svæðisins.

Það er í raun ekki alveg ljóst hvert er gildi samþykktar sveitarstjórnar um framkvæmdaleyfið eftir úrskurð nefndarinnar en í mínum huga orkar það tvímælis. Væri leyfið talið formlega gilt þá er það í öllu falli haldið annmörkum sem leitt gætu til ógildingar og gæti sveitarfélagðið því afturkallað það með heimild í 25. gr. stjórnslulaga sem myndi gera mönnum kleift að byrja að nýju með hreint borð.

Hjalti Steinþórsson